

Heimurinn




er



okkar

Leiðarljós




Leiðarljós menntastefnu Mosfellsbæjar er að skóla- og frístundastarfið sé í fremstu röð og þar fái allir notið sín.

Unnið er að velferð og vexti allra hagaðila með jákvæðum samskiptum, valdeflingu, sveigjanleika og upplýsingum um starfið.

Hagaðilar

Í samfélagi skóla- og frístundastarfs eru hagaðilar: börn, foreldrar, starfsfólk, kjörnir fulltrúar og íbúar Mosfellsbæjar. Þeir hafa allir hlutverk við innleiðingu menntastefnunnar.

- **Börn** fái að sýna frumkvæði og taka ábyrgð á eigin námi eftir því sem þau hafa þroska, aldur og getu til. Þau læri lýðræðisleg vinnubrögð og geti komið hugmyndum sínum óhikað á framfæri.
- **Foreldrar** hafi vakandi auga með velferð barna sinna og eigi gott samstarf við starfsfólk skóla og frístundar. Mikilvægt er að foreldrar fái stuðning við að efla foreldrafærni og séu lausnamiðaðir þegar tekist er á við áskoranir. Foreldrum gefist jafnframt kostur á að taka þátt í að þróa og bæta skóla- og frístundastarf.
- **Starfsfólk** taki þátt í lærdómssamfélagi og leggi sig fram við að vaxa í starfi með fjölbreyttum náms-, leik- og kennsluaðferðum. Með jákvæð samskipti að leiðarljósi og með góðu samstarfi við börn, foreldra og aðra hagaðila verði markvisst byggt upp framsækið skóla- og frístundastarf.
- **Kjörnir fulltrúar** marki sér skýra stefnu og tryggji að menntastefnunni sé fylgt. Þeir stuðli að uppbyggilegum skoðanaskiptum, upplýsingamiðlun og samstöðu hagaðila í skóla- og frístundastarfi.
- **Íbúar** geti tekið þátt í viðburðum og verkefnum og sýnt þannig stuðning sinn við skóla- og frístundastarf í verki. Þeim bjóðist að byggja upp jákvæð og lausnamiðuð samskipti sem einkennist af virðingu fyrir starfinu og þeim sem að því koma.



Stoðir

Stoðir menntastefnu Mosfellsbæjar eru þrjár; vöxtur, fjölbreytni og samvinna. Þær skarast og eru nátengdar hver annarri.

Til að allir blómstri í skóla- og frístundastarfi þarf fjölbreytni og góða samvinnu hagaðila.

Vöxtur

Forsenda þess að börn geti lært og dafnað er að þeim sé búið öruggt umhverfi þar sem færni þeirra er aukin á sem fjölbreyttastan hátt og sjálfsmynd þeirra styrkt. Í skóla- og frístundastarfi er því lögð áhersla á menntun, öryggi, vellíðan, snemmtækan stuðning og heilsueflingu.

Fjölbreytni

Fjölbreytt, skapandi og sveigjanlegt skóla- og frístundastarf mæti ólíkum þörfum og styrkleikum barna og stuðli að farsæld þeirra. Markmiðið er að auka sveigjanleika starfsins og efla þar með trú barna á eigin getu. Þannig verða þau betur í stakk búin til að mæta mismunandi verkefnum í námi, leik og starfi.

Samvinna

Skýr sameiginleg sýn hagaðila, heilindi og uppbyggileg og lausnamiðuð umræða tryggir góða samvinnu. Þannig verður skóla- og frístundastarf árangursríkt þar sem börnin eru í brennidepli.

Fjölbreytni



Vöxtur




Samvinna



Vöxtur


Forsenda þess að börn geti lært og dafnað er að þeim sé búið öruggt umhverfi þar sem færni þeirra er augin á sem fjölbreyttastan hátt og sjálfsmynd þeirra styrkt. Í skóla- og frístundastarfi er því lögð áhersla á menntun, öryggi, vellíðan, snemmtækan stuðning og heilsueflingu.

Öryggi og vellíðan eru undirstaða þess að börn blómstri í námi og leik. Því skal tryggja að börn fái tækifæri til þess að efla styrkleika sína og takast á við áskoranir í öruggu og hvetjandi umhverfi. Allt skóla og frístundastarf er í samfelldri þróun þar sem þekking og reynsla vaxa stöðugt.




Markmið

- Tryggja skal öryggi, vellíðan og vöxt allra í skóla- og frístundastarfi.
- Leggja skal áherslu á þjálfun, stuðning og handleiðslu barna, foreldra og starfsfólks til að tryggja farsæld.



Í gæða skóla- og frístundastarfi líður öllum vel og skapað er öruggt umhverfi til vaxtar, sköpunar og þróunar.



Öryggi er forsenda náms og vellíðunar og því er einelti, áreitni og mismunun ekki liðin í skóla- og frístundastarfi. Ef grunur vaknar um slíkt fara þau mál í samræmt og skilvirkt ferli þar sem allir sem málið varðar eru vel upplýstir um. Unnið skal að forvörnum sem auka líkur á því að þátttakendum í starfinu finnist þeir öruggir og að þeir standi jafnfætis öðrum.



Samkvæmt lýðheilsu- og forvarnastefnu Mosfellsbæjar á allt skóla- og frístundastarf að hafa heilsuefningu að leiðarljósi. Því ber að leggja áherslu á mikilvægi hreyfingar, svefns og hollrar fæðu.



Lögð skal áhersla á að auka þekkingu barna á umhverfismálum og sjálfbærni. Þannig má tryggja að þau verði betur í stakk búin til að mæta stærstu áskorunum mannkyns og tileinka sér sjálfbæra lifnaðarhætti.







Meginhlutverk foreldra er að styðja börnin sín og efla vöxt þeirra og viðgang. Það er best gert með því að verja tíma með þeim því þannig kynnast þeir fullorðnu styrkleikum barnanna, þörfum þeirra, líðan og þeim áskorunum sem þau standa frammi fyrir. Með því að miðla þeim upplýsingum áfram til hlutaðeigandi aðila innan skóla- og frístundastarfs vinna allir saman að bættri líðan barna.



Öll börn sem þurfa aðstoð vegna þroska, hegðunar, heilsu eða náms fá hana eins fljótt og auðið er svo auka megi líkur á farsæld þeirra í námi, leik og starfi. Lögð er áhersla á snemmtækan stuðning og góða samvinnu milli foreldra, starfsfólks skóla, frístundar og annarra samstarfsaðila eins og skólajónustu, félagsþjónustu og heilsugæslu.



Fjölbreytni



Fjölbreytt, skapandi og sveigjanlegt skóla- og frístundastarf mæti ólíkum þörfum og styrkleikum barna og stuðli að farsæld þeirra. Markmiðið er að auka sveigjanleika starfsins og efla þar með trú barna á eigin getu. Þannig verða þau betur í stakk búin til að mæta mismunandi verkefnum í námi, leik og starfi.

Fjölbreyttar þarfir barna kalla á sveigjanlegt umhverfi, kennsluhætti og námsmat. Mikilvægt er að börn búi yfir víðsýni, umburðarlyndi og sveigjanleika til að mæta fjölbreytni mannlífsins og öllum þeim ólíku verkefnum sem bíða þeirra í lífinu.



Markmið

- Þekking og skilningur á þörfum, áhuga-sviðum, styrkleikum og áskorunum barna.
- Nám þar sem lögð er áhersla á sköpun, hæfni, virkni og frumkvæði barna.



Sveigjanleiki

Leggja skal áherslu á að börn byggi upp sterka sjálfsmynd, seiglu og trú á eigin getu með fjölbreyttum verkefnum, hvatningu og endurgjöf.

Seigla

Sjálfsmynd

Tækni

Virkja þarf börn til frumkvæðis og vaxandi ábyrgðar á eigin námi eftir því sem þau hafa þroska, aldur og getu til. Þau skulu hvött til að þróa hæfni sína og hugrekki á fjölbreyttum sviðum þar sem grunnþættir menntunar eru í aðalhlutverki. Skapa þarf börnum svigrúm og næði í leik og námi til að uppgötva heiminn á eigin forsendum og styrkja sjálfstæði þeirra með hæfilegri leiðsögn og umhyggju.

Í kjölfar tækniframfara nútímans breytist sú starfshæfni sem krafist er í framtíðinni. Til að mæta þeirri þróun skal leggja áherslu á að þjálfra gagnrýna og skapandi hugsun, sveigjanleika, samvinnu og árangursrík samskipti. Stuðningur við starfsþróun og þekkingarleit sem stuðlar að nýsköpun í starfs- og kennsluáttum eru undirstaða lærdómssamfélagsins.

Frumkvæði

Ábyrgð

Starfsþróun

Nýsköpun

Sjálfstæði

Lærdómssamfélag

Umhyggja



Mikilvægt er að börn búi við festu, hlustað sé á sjónarmið þeirra og finnist þau hafa val. Þau fái tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt, námsframvindu og viðfangsefni. Þau komi skoðunum sínum á framfæri með markvissri lýðræðisþjálfun þegar tekist er á um ólík sjónarmið og ná fram niðurstöðu.

Skóla- og frístundastarf gerir kröfu um samvinnu fólks með ólíkan bakgrunn. Því þarf að leita leiða til að tryggja að þar vinni fólk sem býr yfir fjölbreyttri hæfni og þekkingu sem mætir þörfum allra barna.






Samvinna


Skýr sameiginleg sýn hagaðila, heilindi og uppbyggileg og lausnamiðuð umræða tryggir góða samvinnu. Þannig verður skóla- og frístundastarf árangursríkt þar sem börnin eru í brennidepli.

Með góðri samvinnu allra hagaðila næst fram
sameiginleg sýn á markmið og samstaða um
aðgerðir, börnum og samfélaginu öllu til heilla.



Markmið


- Uppbyggilegar, yfirvegaðar og lausnamiðaðar samræður um áskoranir og umbætur.
- Markvissar upplýsingar um árangur og þróun í skóla- og frístundastarfi.



Markmið



Aðgerðir



Grunnforsenda blómlegs skóla- og frístundastarfs er öflugt samstarf hagaðila. Hlutverk og ábyrgð þeirra skal vera skýr og unnið með virkri þátttöku, samvinnu, virðingu og lausnamiðuðu samstarfi þar sem hagsmunir barna eru ávallt í fyrirrúmi.



Öflugt samstarf byggir á gagnkvæmri hlustun og heilindum í samskiptum. Góð samskipti eru forsenda þess að vel takist að byggja upp öflugt skólasamfélag. Allt samstarf innan skóla- og frístundastarfs Mosfellsbæjar skal vera í anda lærdómssamfélagsins, bæði styðjandi og hvetjandi.

Efla þarf teymisvinnu í skóla- og frístundastarfi. Þverfagleg teymisvinna, samþætting verkefna, námsgreina, árganga og skólastiga er góð leið til þess að mæta fjölbreyttum þörfum.





Unnið skal að því að koma á fót sameiginlegri verkfærakistu fyrir skóla- og frístundastarf. Hún skal byggð upp, henni viðhaldið og miðlað með markvissum hætti svo hugmyndir, þekking og reynsla verði öllum aðgengileg. Þannig skapast gróskumikill farvegur fyrir samvinnu og þróun starfsins.

Jákvæð og uppbyggileg samvinna foreldra og starfsfólks er nauðsynleg til að börn finni fyrir öryggi og festu. Auðvelda þarf foreldrum að taka þátt í skóla- og frístundastarfi með góðri upplýsingamiðlun, reglubundinni fræðslu og samstarfsverkefnum. Samskipti skóla, frístundar og heimila skulu einkennast af málefnalegri og lausnamiðaðri umræðu þar sem farsæld barna er í fyrirrúmi.

